

Rekjanlegt bréf til útlanda

Rekjanleg bréf til útlanda eru send sem A póstur og er burðargjald innifalið í verði. Verðskrá skiptist í rekjanleg bréf til Evrópu og rekjanleg bréf utan Evrópu. Sjá skilgreiningu á hvað telst til Evrópu á slóðinni: [Lönd í Evrópu](#).

Sömu reglur og fyrir rekjanleg bréf innanlands

Sömu reglur gilda fyrir rekjanleg bréf til útlanda og gilda fyrir rekjanleg bréf innanlands varðandi stærðarmörk, þyngdarflokka, innihald, póstlagningarmáta, afslætti, endursendingar og áframsendingar.

Þjónustu- og gæðastaðlar

Rekjanlegum bréfum til útlanda er komið til viðtakanda með fyrsta mögulega flugi. Að öllu jöfnu gilda sömu gæðastaðlar hvað varðar flutningstíma eins og fyrir almenn bréf til útlanda. Ef keypt er Express þjónusta á rekjanleg bréf fara þau í forgang við komu til viðtökulands.

Leitast er við að svara öllum fyrirspurnum um afdrif rekjanlegra bréfa milli landa eins fljótt og mögulegt er. Samkvæmt samningum hefur móttökuland allt að 8 vikur til að svara fyrirspurnum.

Afhending

Rekjanleg bréf til útlanda er hægt að senda til flestra viðskiptalanda Íslands innan og utan Evrópu. Til að tryggja rétta meðhöndlun í viðtökulandi er mikilvægt að setja á sendinguna A miða eða tilgreina það greinilega með öðrum hætti að hér sé á ferðinni sending í forgangi. Afhendingarmáti getur verið mismunandi eftir því hvaða ákvörðunarland er um að ræða.



Það er misjafnt eftir löndum hvort þau leyfa að rekjanleg bréf séu afhent á heimilisfangi.

Upplýsingar um afhendingarmáta rekjanlegra bréfa er hægt að finn á vef UPU í [Letter Post Compendium](#)

Áætlaður flutningstími

	Norðurlönd	Vestur Evrópa	Önnur Evrópulönd	Utan Evrópu
Rekjanleg bréf	3-7 virkir dagar	3-6 virkir dagar	4-7 virkir dagar	5-17 virkir dagar

Burðargjald

Sjá nánar hér: <https://www.postur.is/einstaklingar/sendu-bref-innanlands/rekjanleg-bref/>

Áritun og merkingar

Sömu reglur gilda og fyrir bréf til útlanda nema hvað RR-viðtökunúmer á að líma í efra vinstra horn bréfsins nema að nafn sendanda komi þar fram, þá skal velja stað á umslaginu þar sem því verður við komið (t.d. niðri í vinstra eða hægra horni eða t.d. undir nafni sendanda).



A-póstmiði er límdur á greinilegan stað á framhlið umslagsins.

Póststoð: Mögulegt er að nota Póststoð til að merkja rekjanleg bréf til útlanda. Límmiði sem inniheldur upplýsingar um sendanda og viðtakanda ásamt strikamerki er prentaður út af sendanda og límdur á framhlið sendingar, fyrir miðju.

Skaðabætur

Ef rekjanlegt bréf týnist eða skemmist í meðförum Póstsins getur sendandi krafist skaðabóta, allt að 3.500 kr.

Hægt er að tryggja verðmætari sendingar sérstaklega.

Pósturinn tekur ekki ábyrgð á óbeinu tjóni sem verður vegna seinkunar á afhendingu.

Mikilvægt er að benda á að peningar, verðskjöl og óheimilt innihald eins og t.d. fersk matvæli eru ekki skaðabótaskyld.

Pósturinn tekur ekki ábyrgð á óbeinu tjóni sem verður vegna seinkunar á afhendingu.

Rekjanlegt bréf til útlanda með forgang (Exprés)

Ef óskað er eftir forgangspjónustu á rekjanlegt bréf bætist Exprés gjald við burðargjaldið. Rauður Exprés miði er þá límdur á umslagið og fær bréfið þá forgang í útburð þegar það kemur til ákvörðunarlands.



Viðbótarþjónusta

Sjá nánar: <https://www.postur.is/einstaklingar/sendu-pakka-innanlands/vidbotarthjonusta/>

Rekjanlegt bréf frá útlöndum

Rekjanleg bréf frá útlöndum eru afhent á pósthúsi. Þannig þarf að framvísa skilríki og kvitta fyrir móttöku. Viðtakandi getur einnig veitt öðrum aðila skriflegt umboð til að taka á móti ábyrgðarbréfinu fyrir sína hönd, sá skal framvísa skilríki. Einnig þarf tvo votta á umboð. Með því móti er verið að tryggja að fylgt sé kröfum sendanda. Skriflegt umboð gildir í eitt ár nema annað sé tekið fram. Sá sem er skráður fyrir umboði verður að hafa náð 15 ára aldri.

Starfsmaður í framlínu fyrirtækis hefur umboð til að taka við öllum rekjanlegum bréfum þar sem fyrirtækið er skráður viðtakandi. Ekki er nauðsynlegt að biðja um skilríki. Ávallt skal kvittað fyrir móttöku.

Gott að vita:

Rekjanleg bréf frá útlöndum eru afhent á þeim stöðum sem á við af landpósti og eru meðhöndluð sem „afhent á ákvörðunarstað“

Póstbox

Mögulegt er fyrir viðtakanda rekjanlegs bréfs frá útlöndum (vara keypt af netverslun) að fá það afhent í Póstbox.



Greiðslukortanúmer eru ekki vistuð. Sýndarnúmer korts helst inni en hægt er að eyða því út af síðunni eftir hverja færslu.

Miðast er við að gjöld hafi verið greidd.